

Stuðboltarnir
3. fundur
Nemendafulltrúaráð 7. – 10. bekkja
Fundur 22. janúar 2019

1. Helga Fríður Garðarsdóttir bauð Stuðbolta velkomna á þriðja fund vetrarins og byrjuðum við á að rifja upp hvert hlutverk okkar er sem Stuðboltar. Fundurinn gekk vel og voru eftirfarandi mál á dagskrá:

2. Hvernig má gera lestur áhugaverðari? Hvað finnst nemendum skemmtilegt í sambandi við lestur, hvað mætti betur fara, er eitthvað sem verið er að gera sem þeim finnst ekki virka fyrir þau? o.s.frv.

Eftirfarandi hugmyndir og umræður komu fram:

- Lesa 2x í viku í 30 mínútur í senn
- Ef nemandi hefur náð ákveðnum orðafjölda þá fái hann að sleppa við heimalestur
- Verðlaun í lok mánaðar
- Fá rithöfunda í heimsókn
- Lesa tímarit í stað bóka
- Hafa blaðsíðufjölda í stað mínútna
- Fá fleiri skemmtilegar bækur á bókasafnið

- Ekki vera með kvöð um að lesa 5x í viku
- 9. – 10. bekkur sleppi við heimalestur
- Sleppa kvittunarhefti
- Lesa heima í 10 mínútur í stað 15
- Lesa meira í skóla og sleppa heimalestri í staðinn
- Ætti ekki að vera erfitt að lesa í 15 mínútur heima – mögulega myndi henta að lesa þegar komið er upp í rúm
- Sleppa því að lesa á föstudögum
- Passa uppá að lesnar séu bækur sem eru skemmtilegar og að textinn sé ekki of þungur
- Hafa lestrarátök

3. Ræðum saman um einkunnarorð skólans. Virðing – vellíðan – virkni. Þekkjum við þessi orð, eru þau sýnileg, hvað þýða þau, hvernig koma þau inn í daglegt skólastarf? o.s.frv.

Eftirfarandi hugmyndir og umræður komu fram:

- Kennarar þurfa að vera góð fyrirmynd hvað þetta varðar
- Kennarar sýna nemendum ekki alltaf virðingu, öskra og jafnvel hóta
- Vantar meiri virðingu almennt á bókasafninu

- Einkunnarorðin eru ekki sýnileg
- Vissu ekki af neinum einkunnarorðum
- Þyrfti að hengja upp spjöld
- Þurfum að ræða um þau stundum, það minnir okkur á
- Skortir virðingu innan veggja skólans
- Við berum sjálf ábyrgð á að sýna hvort öðru virðingu, þeir sem gera það ekki eru kannski að eiga við sín persónuleg vandamál

4. Fyrirkomulag árshátíðar 7. – 10. bekkjar Grunnskóla Grindavíkur

- Viljum hafa árshátíð
- Viljum hafa hana eins og hún hefur verið – nemendur ekki sáttir við að það verði ekki sýning
- Alls ekki hafa árshátíð eins og í fyrra
- Sumir vilja frekar sleppa árshátíðinni heldur en að þurfa að taka þátt í atriði
- Hefur lítið verið rætt við okkur um þetta
- Hafa heyrt orðróm hér og þar en vilja að stjórnendur og kennarar hafi fund og ræði við þau um breytingar

- Vilja heyra líka hvernig stjórnendur og kennarar vilja hafa árshátíðina, hverjar eru þeirra hugmyndir
- Kennarar ættu að taka meira þátt
- Hafa eina árshátíðarviku – þemadaga með allskonar uppákomum
- Aðeins þeir sem vilja taka þátt í leikritum gera það – hafa skoðunarkönnun hvað það varðar
- Hafa alla bekki saman
- Vilja að árgangar séu með sitt leikrit, alls ekki skipt í bekki
- Hafa 7. og 8. bekk saman og 9. og 10. bekk saman
- Ef leikrit þá hafa leikstjóra
- Þau vilja koma fram með hugmyndir að leikriti þó það sé leikstjóri
- Ætti ekki að vera skylda að taka þátt í leikriti eða atriði
- Allir ættu að taka einhvern þátt þó þeir leiki ekki – alla vega gera leikmynd eða búninga
- Gera frekar myndband í stað leikrits
- Hver árgangur með sitt myndband
- Bæjarsýningar eru fjáröflunarleið fyrir 10. bekk

5. Önnur mál

- Fá fleiri tölvur á bókasafnið
- Fá fleiri stærðfræðibækur
- Mikilvægt að fá markvissa kynfræðslu fyrir þennan aldur, hafa hana inn í kennslunni en ekki bara smá hluta eða fyrirlestur

Fleira ekki gert, fundi slitið

Helga Fríður Garðarsdóttir